

Hin mikla sýning Gilberts og George var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi fyrir helgi



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Hugvekja Safngestur virðir fyrir sér eitt af stórum verkum Gilberts og George í Hafnarhúsi á opunardeg.



Lestur Gestir lesa sér til um listamennina í sýningarskrá.



Spjall Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur ræðir við tvo sýningargesti.

» Myndlistarsýningin Gilbert & George: The Great Exhibition, var opnuð á fimmtudag í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Sýningin nær yfir alla sali safnsins nema tvo og er liður í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og einn stærsti viðburður safnsins á þessu ári. Gilbert & George hafa í rúma fimm áratugi starfað sem einn maður og tvinnnað saman listina og daglegt líf. Þeir hafa ögrað borgaralegum hugmyndum um smekk og velsæmi og ekki síst stuðlað að breyttum viðhorfum til samkynhneigðra og annarra minnihlutahópa, eins og segir á vef safnsins.



Samstarfsmenn Daniel Birnbaum, sýningarstjóri sýningarinnar, og safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Ólöf K. Sigurðardóttir, voru í Hafnarhúsi.



Hugleiðingar Gestir gáfu sér góðan tíma í að skoða og hugleða verkin.



Stórviðburður Sýning Gilberts og George nær yfir nær alla sali safnsins.